

## Aðalfundur Skáksambands Íslands 2017

Haldinn í Skákhöll TR í Faxafeni 12, Reykjavík, 27.maí 2017 kl. 10.00 – 12:52.

### 1. Forseti setur fundinn

Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á Ágústi Sindra Karlssyni sem fundarstjóra og Áskeli Erni Kárasyni til vara. Forseti lagði jafnframt til að Eiríkur K. Björnsson yrði fundarritari og Róbert Lagerman til vara. Báðar tillögur samþykktar samhljóða. Í kjölfarið kannaði nýkjörinn fundarstjóri lögmati fundarins og lýsti hann löglegan.

### 2. Kynnt fundargerð síðasta aðalfundar

Fundargerð síðasta aðalfundar lá fyrir fundinum. Jóhann Ragnarsson kvaddi sér hljóðs og gerði athugasemdir við fundargerðina. Hann hefði rætt í umræðum um störf stjórnar sitthvað sem varðaði landsliðsnefnd og breytingar sem ætti að hyggja að varðandi landsliðið en fátt af því hafi komið fram í fundargerðinni. Fundarstjóri stakk upp á að athugasemdir Jóhanns yrðu bókaðar en fundargerðin var síðan samþykkt samhljóða.

### 3. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn

Ólafur H. Ólafsson formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir kjörbréfum og kannaði fundarsókn. Alls sendu 12 aðildarfélög S.Í. kjörbréf:

Aðildarfélag	Fulltrúar	Félagsmenn	Lið í ÍS	Mættir
Taffélag Reykjavíkur	8	408	7	6
Skákfélagið Huginn	7	391	6	5
Taffélag Garðabæjar	3	142	2	1
Skákfélag Akureyrar	5	98	4	3
Taffélag Vestmannaeyja	2	93	1	0
Skákdeild Hauka	2	85	1	1
Skákdeild Fjölnis	5	84	4	2
Víkingaklúbburinn	4	63	3	1
Skákdeild Breiðabliks	3	22	2	3
Skákfélag Íslands	2	43	1	1
Hrókar alls fagnaðar	2	16	1	2
Hrókurinn	1	10	0	1

Ólafur H. Ólafsson tók til máls síðar á fundinum og lagði fyrir breytingu á kjörbréfi TR á þá lund að Jon Olav Fivelstad yrði 6. varamaður félagsins. Það var samþykkt.

Alls voru 26 fulltrúar mættir á fundinn sem höfðu atkvæðisrétt. Kjörbréf samþykkt samhljóða.

### 4. Forseti flytur skýrslu stjórnar

Forseti S.Í., Gunnar Björnsson, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta í starfssemi S.Í. á liðnu starfsári og ræddi fjölmarga þætti hennar. Miðað við árið á undan, þegar EM landsliða

var haldið, einkenndist þetta ár af reglulegri liðum enda þótt árið hafi verið viðburðaríkt. Fyrst er þar að nefna að Reykjavík Open tókst afar vel að venju. Sama má segja um Ólympíumótið í skák sem að þessu sinni var haldið í Bakú í **Aserbaísjan**, enda þótt kostnaður hafi orðið nokkuð mikill við þátttökuna. Landsliðflokkur Skákpings Íslands var haldinn í fyrra lagi, miðað við oft áður og var forseti ánægður með hvernig til tókst og hvernig mótið þróaðist en þar var spenna allan tímann og úrslit réðust ekki fyrr en í hreinni úrslitaskák í síðustu umferð. Þá var forseti ánægður með samstarfið við sveitafélögin sem hafa komið að mótshaldinu undanfarið en landsliðsflokkur var að þessu sinni haldinn í Hafnarfirði. Þrír áfangar að titlum náðust hjá íslenskum skákmönnum. Bragi Þorfinnsson náði áfanga að stórmeistararitli á Íslandsmóti skákfélaga 2017, Guðmundur Gíslason að alþjóðameistararitli í landsliðsflokki Skákpings Íslands 2016 og Dagur Ragnarsson að þeim titli líka á sama móti nú í ár. Ellefu ungir skákmenn tóku þátt á EM ungmenna og tveir stórmeistarar á EM einstaklinga. Einnig tóku þeir Friðrik Ólafsson og Áskell Örn Kárason þátt í HM 50 ára og eldri í Grikklandi. Verkefnið Skák eflir skóla, þar sem kennurum er kennt að kenna skák, fór vel af stað. Þá véc forseti að því sem er framundan á næsta starfsári en þar ber hæst Reykjavík Open 2018 sem að líkindum verður haldið í mars, auk þess sem vonast er eftir að hægt verði að efna til alþjóðlegs áfangamóts í haust í samvinnu SÍ og taffélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í haust verður síðan NM grunn- og framhaldsskóla haldið að Laugum í Sælingsdal en Norðurlandamótið í Växjö í sumar en fulltrúar Íslands þar verða Jóhann Hjartarson, Guðmundur Kjartansson og Lenka Ptacnikova. EM einstaklinga verður í júní í Hvíta-Rússlandi og svo EM landsliða um haustið. Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu forseta og reikninga sambandsins verði undir lið 6, eins og venja er.

## 5. Gerð grein fyrir reikningum síðasta árs

Gunnar Björnsson gerði grein fyrir reikningum í fjarveru gjaldkera. Halli á rekstri síðasta árs var um 1,2 millj. króna en það er ekki í fyrsta sinn sem halli verður á Ólympíuári. Aftur á móti hækkaði eigið fé sambandsins töluvert vegna hækkunar á fasteignum og er nú um 44 millj. króna. Gunnar ræddi síðan um og skýrði nánar ýmsan kostnað sem fram kemur í sundurliðuðum hluta rekstrarreikningsins.

## 6. Umræður um störf stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá. **Jóhann Ragnarsson** spurðist fyrir um útistandandi skuldir sambandsins. Hann benti á að nöfn fjögurra einstaklinga birtust í tengslum við þær og velti fyrir sér hvort það væri leyfilegt skv. lögum um persónuvernd. Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs. Reikningar voru síðan samþykktir samhljóða.

## 7. Inntaka nýrra félaga.

Engin ný félög óskuðu eftir aðild að SÍ að þessu sinni.

## 8. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Almennar umræður og afgreiðsla.

Forseti fór yfir fjárhagsáætlunina sem fram kemur í ársskýrslu sambandsins. **Hlíðar Þór Hreinsson** tók til máls og fannst ekki koma fram með skýrum hætti í áætluninni hvernig ætti að minnka vaxtakostnaði sambandsins. Að því loknu var áætlunin borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 9. Kosning stjórnar og varastjórnar.

Kjartan Maack stakk upp á Gunnari Björnssyni sem forseta Skáksambands Íslands og var kjör hans samþykkt með öfluglu lófataki. Gunnar Björnsson nýkjörinn forseti tók til máls og þakkaði fyrir stuðninginn. Hann gerði síðan tillögu að nýrri stjórn: Omar Salama, Þorsteinn Stefánsson, Stefán Bergsson, Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Róbert Lagerman og Björn Ívar

Karlsson. Þessi tillaga forsetans var samþykkt með góðu lófaklappi. Gunnar lagði síðan til að eftirfarandi skipuðu varastjórn í þessari röð: 1. Óskar Long Einarsson 2. Hjörvar Steinn Grétarsson 3. Kristófer Gautason og 4. Hörður Jónasson. Tillagan var samþykkt með lófataki.

Nýir í stjórninni eru þannig Omar Salama sem var í varastjórn á síðasta tímabili og Þorsteinn Stefánsson. Kjartan Maack hættir en hann er orðinn formaður TR og ætlar að einbeita sér að því starfi en Steinþór Baldursson féll frá. Nýir í varastjórn eru Kristófer Gautason og Hörður Jónasson en Omar Salama skipar nú aðalstjórn og Donika Kolica hættir.

#### **10. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.**

Gunnar forseti stakk upp á þeim Árna Birni Jónssyni, Þráni Vigfússyni sem aðalmönnum og Hlíðari Þór Hreinssyni til vara og var tillagan samþykkt samhljóða.

#### **11. Kosnir 3 menn í kjörbréfanefnd og 3 til vara.**

Tillaga Gunnars Björnssonar um Ólaf H. Ólafsson, Kristján Örn Elíasson og Harald Baldursson sem aðalmenn og Magnús Matthíasson, Árna Á. Árnason og Georg Pál Skúlason til vara, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### **12. Kosnir 3 menn í dómstól Skáksambands Íslands og 3 til vara.**

Gunnar forseti bar upp tillögu um að dómstóll SÍ yrði skipaður sömu mönnum og í fyrra þ.e. þeim Halldóri B. Halldórssyni, Braga Halldórssyni og Ólafi H. Ólafssyni sem aðalmönnum en til vara Björgvini Jónssyni, Hlíðar Þór Hreinssyni og Andra Hrólfssyni. Ólafur Evert Úlfsson gaf kost á sér til setu í dómstólnum. Gunnar forseti stakk þá upp á að Braji Halldórsson færi út sem aðalmaður og tæki sæti Andra Hrólfssonar sem varamaður og að Ólafur Evert kæmi í staðinn sem aðalmaður og var sú tillaga samþykkt með lófataki.

#### **13. Umræður um breytingar á lögum og keppnisreglum Skáksambandsins.**

Fyrir fundinum lá tillaga Gunnars Björnssonar forseta um breytingu á 17. og 18. grein 3. kafla um Íslandsmót skákfélaga. **Forseti** gerði grein fyrir tillögunni og fjallaði m.a. um forsögu hennar en hún er byggð á hugmyndum sem hafa verið í gangi í nokkurn tíma og reyndar byggð á tillögu Halldórs Grétars Einarssonar frá aðalfundi SÍ 2015. Þá ræddi hann hugmyndina á bak við Úrvalsdeildina sem felst í tillögunni og hvernig tímabundið ákvæði fyrir 2017 – 2018 væri hugsað.

Fyrstur til að taka til máls um tillöguna var **Þorsteinn Þorsteinsson** formaður Hugins. Hann taldi of langt gengið að fækka liðum í efstu deild í sex. Þá lýsti hann yfir óánægju með hlut b-liða skv. tillögunni en þau fá ekki þátttökurétt í Úrvalsdeild, þó þau vinni 1. deild. Keppnin á þessu formi hefði í för með sér að þrjár helgar þyrfti til keppinnar sem væri töluverður ókostur. Þá varpaði hann fram þeirri hugmynd að fækka frekar úr tíu liðum í efstu deild í átta og hafa síðan úrslitakeppni á milli efstu fjögurra og neðri fjögurra (um fimmta til áttunda sæti); þannig næðist að ljúka keppninni á tveimur helgum. Þá beindi hann því til stjórnar SÍ að kynna betur frest til lagabreytingar fyrir aðalfund. Næstur tók til máls **Áskell Örn Kárason**. Hann lýsti yfir stuðningi við tillöguna og jafnframt þeirri skoðun að það þjónaði ekki miklum tilgangi að fara að eiga við einstök efnisatriði hennar á þessu stigi málsins. **Jóhann Ragnarsson** taldi að í raun fælist í lagabreytingatillögunni þrjár tillögur sem væru misgóðar. Þannig taldi hann jákvætt að gera veg efstu deildar veglegan en lýsti hins vegar andstöðu við fækkun liða í henni, þ.e. breytingar á 18. gr. Hann vildi vekja athygli á mikilvægi mótsins fyrir félögin og lýsti yfir áhyggjum af þeim áhrifum sem fækkun liða hefði mögulega á unglिंगastarf félaganna; þ.e. að efnilegir skákmenn færu úr uppeldisfélögum ef þau biðu ekki upp á möguleika á að tefla í efstu deild. **Ágúst Sindri Karlsson** benti á að gera mætti

breytingatillögur við upphaflegu tillöguna en lýsti sig annars fylgjandi henni og sammála Áskeli Erni. **Stefán Bergsson** lýsti yfir stuðningi við tillöguna og hafði ekki áhyggjur af því að skákmenn skiptu um félög ef þannig stæði á. Þá væri enginn skaði að því að tveggja turna módelið breyttist. **Ólafur Evert Úlfsson** tók til máls og velti fyrir sér hvernig 1. deild yrði, ef ekki öll lið gætu farið upp um deild. Þá spurðist hann fyrir hvaða áhrif samþykkt þessarar tillögu hefði á liðið sem ynni 1. deild næst: Yrði það bara áfram í 1. deild? Í framhaldi af því varpaði hann fram spurningum um stöðu liða í ýmsum sætum keppinnar, sem og hvaða áhrif tillagan hefði á stöðu sterkra skákmanna. **Kjartan Maack** tók upp þann þráð og velti fyrir sér hvort þetta yrði til þess að sterkir skákmenn dreifðust á enn fleiri félög en væri í dag. Hann væri ekki viss um gildi tillögunnar, m.a. út frá stöðu b-liða og lýsti hvernig b-liðið hjá TR hefði verið markvisst nýtt til að gefa ungum og upprennandi skákmönnum tækifæri til að spreyta sig gegn þeim sterkustu í efstu deild. Þá taldi hann tillöguna ekki vera nógu vel unna. **Pálmi R. Pétursson** taldi að lagabreytingatillagan hefði átt að vera tillaga frá stjórn SÍ en ekki bara forseta. Þá væri líklegt að allar takmarkanir á þátttökurétti í keppninni hefðu í för með skrýtnar afleiðingar. Hann taldi gagnrýni Jóhanns Ragnarssonar og Kjartans Maack réttmæta. **Jóhann Ragnarsson** lýsti þeirri skoðun sinni að tillaga Páls Sigurðssonar frá því fyrir nokkrum árum hefði verið betri. Þá vildi hann leggja áherslu á tengsl skákmanna við sín taflfélög og að æskilegt sé að menn hafi sem best tækifæri til að tefla fyrir þau. **Gunnar Björnsson** vildi leiðrétta að núverandi fyrirkomulag væri hentugast fyrir möguleika skákmanna á að ná alþjóðlegum áföngum. Það væri einfaldlega ekki rétt og að með nýju fyrirkomulagi væru möguleikar á áföngum enn betri. **Helgi Árnason** taldi að keppnin hefði gengið vel með núverandi fyrirkomulagi. Jafnframt sagði hann að það væri ekkert óeðlilegt við það að fjöldi þeirra félagsmanna sem eru í TR og Hugin endurspegladist í styrkleika liðanna sem þau sendu til keppni (m.a. b- og c-liðunum). Kostnaður við að keppa tvisvar á ári væri alveg nógur fyrir félögin og ekki æskilegt að bæta þriðju helginni við. Þá vísaði hann til reynslu af breytingum á Íslandsmóti grunnskólasveita sem hefði orðið neikvæð: Sveitum fækkaði á milli ára. Hann lýsti sig andvígán tillögunni. **Stefán Bergsson** svaraði Helga og vakti athygli á að það væru ekki b- og c-sveitir í öðrum íþróttagreinum. Þá taldi hann vanda Íslandsmóts grunnskólasveita stafa af öðrum ástæðum en Helgi hefði rakið. **Áskell Örn Káráson** sagði að umræðan yrði erfið ef ætti að fara að leggja niður fyrir sér hvernig áhrif yrðu á lið í mismunandi sætum neðri deilda en tvennt væri öruggt varðandi efstu deild. Annars vegar yrðu sterkustu liðin í henni og hins vegar myndi mjög ójöfnum viðureignum fækka eða yrðu jafnvel úr sögunni. Varðandi uppeldishlutverk b-sveita taldi Áskell að vel mætti viðhalda því með því að gera eftirsóknarverðara að sigra í 1. (þ.e. næstefstu) deild, eins og væri reyndar gefið í skyn í greinargerð tillögunnar. Þá rakti hann að mikil grunnvinna hefði verið unnin 2015 og spurði hvort einhverjar nýjar forsendur væru til staðar núna og taldi svo ekki vera. Loks taldi hann það vera jákvætt við tillöguna að vandamálið við að hafa a- og b-sveitir sömu félaga í efstu deild, sem hefði oft verið í umræðunni, myndi leysast með breytingunum. **Hjörvar Steinn Grétarsson** taldi að vandamálið við efstu deildina í dag væri einkum b-liðin. Vegna þeirra gætu félög eins og Fjöltnir og SA aldrei unnið deildina. Hann velti því upp hvort væri einfaldast og kannski nægilegt að banna b-lið í efstu deild. Hann lýsti sig andvígán breytingunum sem felast í lagabreytingartillögunni að öðru leyti. Loks taldi hann að hollt væri ef menn rifjuðu upp hver væri tilgangurinn með Íslandsmóti skákfélaga. Aðaltilgangurinn fælist ekki í að búa til tækifæri til áfangaveiða. **Þorsteinn Þorsteinsson** skýrði frá því að hann væri búinn að leggja fram tillögu um að vísa lagabreytingartillögunni til stjórnar. Núv. lagabreytingartillaga væri enda óbreytt frá 2015. Þá lýsti hann þeirri skoðun sinni að vandamálið við 1. deild í dag væri ekki b-liðin. T.d. væri hægt að hafa einfaldar reglur um föst úrslit á milli a- og b-liða sama félags, ef vilji væri fyrir hendi. **Pálmi R. Pétursson** minnti á að Íslandsmót skákfélaga sé skákhátíð og ekki ætti skemma það hlutverk mótsins. Það væri eins og mótið hefði lent á milli skips og bryggju varðandi tilgang og skipan. **Gunnar Björnsson** tók til máls og hvatti fundinn til að taka efnislega afstöðu

frekar en að vísa málinu til stjórnar. Að hans mati þá væru margar af þeim áhyggjum sem menn hefðu af áhrifum af breyttu skipulagi ekki réttmætar. **Ágúst Sindri fundarstjóri** skýrði frá því að ekki væru fleiri á mælendaskrá um þetta mál og að hann teldi réttast að taka fyrst til atkvæða fram komna tillögu frá Þorsteini Þorsteinssyni um að vísa málinu til stjórnar, þar eð hún gengi lengra. Samþykkt var með 16 atkvæðum gegn 9 að vísa lagabreytingatillögunni til stjórnar.

#### 14. Önnur mál.

**Jóhann Ragnarsson** tók til máls og fannst miður að ekki hefði verið tekin efnisleg afstaða til lagabreytingatillögunnar. Síðan vék hann að málefnum sem varða landsliðsnefnd. Hann taldi að vinna þyrfti markvissar að öllu sem varðaði landsliðið. Búa ætti til teymi þar sem m.a. væru toppþjálfari og íþróttasálfræðingur og síðan þyrfti að bæta aðstöðu almennt fyrir afreksfólk, þ.m.t. landslið í skák. Gera þyrfti áætlun til nokkurra ára með markmiðum sem væri síðan hægt að athuga hvort hefðu náðst. Hann ræddi reynsluna af slíkum vinnubrögðum hjá íþróttasamböndum á landinu og tók einkum dæmi af Frjálsíþróttasambandinu. Þá taldi hann að bæta mætti í, varðandi aðstoð frá Skáksambandinu við stofnun taflfélaga sem yfirleitt væru forsenda þess að eitthvað gerðist í málefnum skákarinnar á hinum ýmsu stöðum. Loks spurðist Jóhann fyrir um fyrirkomulag komuþóknana á Reykjavík Open. **Stefán Bergsson** tók næstur til máls og lýsti sig sammála hugmyndum Jóhanns um málefni landsliðsins og umgjörð þess. Þá skýrði hann frá því að verkefnið Skák eflir skóla gengi vel og að verkefnið virkaði vel í að efla starf skákfélaga á stöðum þar sem aðstæður bjóða upp á slíkt. Þá kynnti hann hugmynd um að komið yrði á eins konar leyfiskerfi fyrir taflfélög; t.d. að félög sem ættu lið í efstu deild yrðu að hafa ákveðinn lágmarksfjölda af skákdómurum. **Hörður Jónasson** þakkaði fyrir kosningu sína í varastjórn og gerði að umtalsefni hugmyndir sem hefðu verið á sveimi, m.a. á samfélagsmiðlum um að flokkaskipta Reykjavík Open. Hann lýsti sig andvígán þeim og vildi hafa mótið opið fyrir alla með svipuðum hætti sem verið hefur. Hann vakti athygli á því kerfi sem hefur verið notað á vinsælu móti á Sardiníu í staðinn og margir íslenskir skákmenn þekkja. Að lokum mæltist hann til þess að Sí beitti sér fyrir því að halda lokað áfangamót. **Hannes Hlífar Stefánsson** ræddi hugmyndir, sem hann vissi reyndar ekki hvaðan hefðu komið, um að hætta með svokölluð „bye“ á mótum á vegum Sí. Hann lýsti sig algerlega mótfallinn þeim. **Helgi Árnason** vakti máls á því að Íslandsmót grunnskólasveita í kvennaflokki hefði ekki verið haldið á síðasta ári. Hann kvaðst gera sér grein fyrir því að það hefði ekki verið með vilja gert, heldur hefði ráðist af aðstæðum, en taldi þetta eftir sem áður óásættanlegt og lagði til að tryggt yrði að þetta endurtæki sig ekki. **Áskell Örn Káráson** minntist Sveinbjörns Óskars Sigurðssonar, sem féll frá á síðasta ári, með skemmtilegum frásögnum af þeim mæta manni og minnti á að fram myndi fara minningarmót helgað Sveinbirni næstkomandi helgi fyrir norðan. **Kristján Örn Elíasson** lýsti óánægju sinni með að ekki hefði verið tekin efnisleg afstaða til lagabreytingatillögunnar um Íslandsmót skákfélaga. Það fælist ákveðið ofbeldi í því að vísa málum alltaf til stjórnar. **Pámi R. Pétursson** ræddi hugmyndir Jóhanns um landsliðsnefnd. Hann tók undir þær og lýsti þeirri skoðun sinni að þó margt hefði verið gert í þessa átt væri rétt að taka þær til gaumgæfilegrar athugunar. Ekki síst tók hann undir skoðanir Jóhanns um að búa landsliðinu og afreksmönnum góða umgjörð. Þá þakkaði Pálmi fráfarandi stjórn vel unnin störf og óskaði stjórninni sem við tekur, góðs gengis. **Gunnar Björnsson forseti** tók til máls og tók fram að hann hefði gjarnan viljað sjá lagabreytingatillöguna tekna til efnislegrar meðferð á fundinum. Hann tók jafnframt fram að málið yrði unnið áfram. Þá ræddi hann orð Helga Árnasonar um Íslandsmót grunnskólasveita í kvennaflokki og fullvissaði hann um að það yrði haldið næsta ár. Þá tók hann undir mál Jóhanns Ragnarssonar um landsliðið; taldi athugasemdir hans gildar og að það yrði litið til þeirra í störfum sem landsliðið varða. Gunnar minntist síðan Steinþórs Baldurssonar sem féll frá á síðasta ári og upplýsti að hans yrði minnst með

minningarmóti á næsta ári. Þá þakkaði forseti þeim Doniku Kolica og Kjartani Maack sem ganga úr stjórn, fyrir sín störf fyrir Skáksambandið. Sérstaklega færði hann Kjartani Maack þakkir fyrir ötult starf og gott samstarf í tengslum við EM landsliða á starfsárinu á undan.

Fundi slitið kl. 12.49 Eiríkur K. Björnsson fundarritari og Róbert Lagerman varafundarritari